

ERLEND TUNGUMÁL enska

Metanleg hæfniviðmið þrep 2

Hlustun

Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum.

Fylgst með einföldu efni, s.s. kvikmyndum eða dægurlögum og greint frá því helsta.

Skilið fyrirmæli frá kennara.

Lesskilningur

Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða og tímarita.

Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.

Lesið sér til gagns og gamans, stuttar og einfaldar bækur.

Lesið einfalt fræðsluefni fyrir unglinga og börn.

Lesið stutta texta og rætt um efni þeirra með stuðningi kennara og skólasystkina.

Samskipti

Spurt og svarað á einfaldan hátt um sjálfan sig, vini, fjölskyldu, áhugamál og nánasta umhverfi.

Skipst á upplýsingum og skoðunum við aðra.

Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Frásögn

Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

Endursagt og lýst atburðum eða reynslu.

Flutt atriði sem hefur verið æft.

Sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hefur verið æfður.

Ritun

Skrifað texta með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.

Lýst umhverfi, fjölskyldu og áhugamálum í einföldu máli.

Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

Samið stuttan texta frá eigin brjósti.

Menningarläsi

Áttað sig á siðum og hefðum viðkomandi mál- og menningarsvæða og borið saman við eigin menningu.

Áttað sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem nemandinn er að læra.

Námshæfni

Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda sér skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað og lesið í aðstæður.

Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.

Nýtt eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

Tekið þátt í samvinnu um ýmis konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.

Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur og leitarvélar.

Málfræði

Beitt reglum um hástafi og lágstafi.

Beitt reglum um óákveðinn og ákveðinn greini.
Greint nafnorð.
Beitt reglum um eintölu og fleirtölu nafnorða.
Greint sagnorð, regluleg og óregluleg.
Beitt reglum um persónufornöfn.
Nýtt þekkingu sína á orðflokkum til að skrifa setningar og málsgreinar.